

Á SLÓÐ LANDKÖNNUÐARINS UM HEIMSKAUTSLÖNDIN

Opnuð verður sýning um Vilhjálms Stefánsson landkönnuð í Listasafni Íslands – Hafnarhúsi í dag kl. 16. HEIÐA JÓHANNSDÓTTIR naut leiðsagnar Jónasar Gunnars Allanssonar mannfræðings um sýninguna.



Vilhjálms Stefánsson tileinkaði sér aðferðir inúíta á ferðum sínum um heimskautslöndin.



Í öðrum leiðangri sínum fann Vilhjálms Stefánsson byggðir koparinúítanna svokölluðu, fyrstur Evrópubúa. Vilhjálms Stefánsson var vel að sér í tungu inúíta og gat því talað við þá á þeirra eigin tungumáli.

SÝNINGIN ber yfirskriftina Heimskautslöndin unaðslegu: Arfleifð Vilhjálms Stefánssonar og er hún unnin í samvinnu Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar, Dartmouth College og Reykjavíkur menningarborgar. Um er að ræða farandsýningu, sem fyrst var sett upp í Listasafninu á Akureyri, en mun verða ferðast með til Bandaríkjanna, Kanada og Norðurlanda.

Sýningin lýsir með myndrænum hætti starfi og líffssýn Vestur-Íslendinga Vilhjálms Stefánssonar. Titill sýningarinnar vísar til þeirra jákvæðu viðhorfa í garð norðurlóða sem Vilhjálms Stefánsson leitadist við að miðla í kjölfar ferða sinna og mannfræðirannsóknna á svæðinu, en hugtakið „heimskautslöndin unaðslegu“ er komið frá Vilhjálmi. Á sýningunni verða m.a. sýndar lifandi myndir, teknar á ferðum Vilhjálms, sem ekki hafa verið sýndar áður. Þá byggist sýningin, auk ljósmynda, að stórum hluta upp af brotum úr dagbókunum sem Vilhjálms hlé á ferðum sínum. „Með áherslunni á dagbækurnar er leitast við að veita innsýn í hina persónulegu hlið Vilhjálms, s.s. líffsspeki hans og hversdaglegar vangaveltur, og sýna þannig aðra hlið á honum en birtist t.d. í fræðaskrifum hans og umfjöllun um hann í gegnum tíðina,“ segir Jónas Gunnar Allansson hjá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, en hann hefur veg og vanda af hugmyndavinnu og framkvæmd sýningarinnar ásamt Þórunni S. Þorgrímsdóttur sem sér um listræna hönnun og Páli Ragnars-

syni ljósaðhönnuði. „Sýningin er byggð upp sem eins konar ferðalag, ekki aðeins inn í menningarheim inúíta eins og hann birtist í skrifum Vilhjálms, heldur einnig inn í hugarheim fræðimannsins,“ heldur Jónas áfram. „Þannig setur gesturinn sig í spor mannfræðingsins og landkönnuðarinn Vilhjálms er gerður að rannsóknarefni, enda var hann mjög athyglisverður fræðimaður í sínum samtíma, og hefur mikið verið um hann deilt og skrifað,“ bætir Jónas við. Ljósmyndirnar á sýningunni eru gerðar eftir myndskyggunum sem Vilhjálms notaði sjálfur í fyrirlestrum sínum, og í textum við myndirnar er reynt að líkja eftir vísindaaðferðum mannfræðinga. Við þær eru festir merkimiðar með stikkorðum, og dagbókarbrotum er komið fyrir í plastpokum sem innsigla „gögnin“. Þannig leggja skipuleggjendur áherslu á að setja viðfangsefni ekki of þröngur skorður, og láta sýningargestum eftir ákveðið rými til túlkunar.

Innsýn í lífshætti inúíta

Vilhjálms Stefánsson var sonur íslenskra foreldra sem flutt höfðu til Kanada. Hann er frægur fyrir starf það sem hann vann á sviði landkönnunar en hann fór þrjú langa leiðangra um heimskautssvæði Kanada á árunum 1913–1918. Á ferðum sínum kortlagði Vilhjálms stór landsvæði, jafnframt því sem hann stundaði mannfræðirannsóknir á menningu og lífnaðarháttum inúíta. Að loknum ferðunum starfaði hann sem fræðimaður, þar sem hann vann að því að vekja athygli manna á lífsháttum á norðurlöndum. Fræg bók hans um efnið ber titilinn

Heimskautslöndin unaðslegu og vísar sýningin í það hugtak í yfirskrift sinni.

Jónas bendir á að sýningunni sé skipt í þrjú hluta, sem lýsa hver um sig á ákveðnu tímabili í æviskeiði hans. Fyrsti hlutinn lýsir bakgrunni Vilhjálms og æsku en Jónas segir að uppruni hans sem Vestur-Íslendinga hafi haft mikil áhrif á ævistarf hans og sjónarmið. „Þótt Vilhjálms hafi búið í Bandaríkjunum hafði hann mjög sterk tengsl við íslenskan veruleika, enda var æskuheimili hans hefðbundið íslenskt sveitaheimili. Þetta má meðal annars ráða af því hvernig hann ber samfélag inúíta saman við íslenska menningu.“

Annar hluti sýningarinnar lýsir rannsóknarleiðöngurum Vilhjálms, en sérstök áhersla er lögð á leiðangurinn þar sem hann hafði upp á byggðum koparinúítanna svokölluðu, sem kenningar eru uppi um að séu afkomendur norræna manna á þessum slóðum. Á ljósmyndum og dagbókarbrotum þeim tengdum má sjá þær aðferðir sem Vilhjálms beitti í leiðöngurum sínum. „Hann tók upp aðferðir inúítanna sjálfra í ferðunum. Hann ferðaðist ásamt fámennum hópi inúíta á hundasleðum og veiddu leiðangursmenn sér til matar. Þannig hafnaði Vilhjálmsur hinni evrópsku, vísindalegu aðferð, þar sem menn komu með vistir með sér og studdust við vestræna tækni. Þetta var jafnframt hluti af aðferð Vilhjálms við mannfræðirannsóknir, en hann taldi mjög mikilvægt að taka þátt í menningunni í viðleitni sinni að skilja hana, sem er og verður klassískt stef í aðferðafræði mannfræðinnar.“

Líffssýn Vilhjálms

Jónas bendir einnig á að aðferðirnar hafi endurspeglad þá líffssýn Vilhjálms að með þekkingu og virðingu fyrir náttúrunni gætu menn byggt upp lífvænlegar aðstæður á þessum svæðum. „Vilhjálms varpaði að mörgu leyti þeirri þekkingu sem hann öðlaðist á lífnaðarháttum inúíta yfir á vestræn samfélög. Hann setti til dæmis spurningarmerki við það hvort efnisleg gæði veittu mönnum hamingju. Vilhjálms var mjög framsýnn og róttækur að þessu leyti og vann hann mikilvægt starf við að kortleggja menningu þessara svæða um það leyti sem nýlendustefnan byrjaði að teygja anga sína inn á norðurlönd. Hann lagði áherslu á að lifað yrði í sátt og samlyndi við náttúruna, en það var sjónarhorn sem lítið var í deiglu á þessum tíma,“ segir Jónas.

Þriðji hluti sýningarinnar fjallar um það starf sem Vilhjálms vann eftir að ferðum hans lauk, en þá tók hann til við að skrifa bækur og halda fyrirlestra þar sem hann miðlaði fróðleik sínum og viðhorfum. „Vilhjálms lagði áherslu á það í fræðastarfi sínu að vera í beinum tengslum við almenning í stað þess að hreiðra um sig í háskólasamfélaginu, enda naut hann mikilla vinsælda, beggja vegna Atlantshafsins, ekki síst á Íslandi þar sem hann var hafinn upp sem hetja,“ segir Jónas og minnir að lokum á að með sýningunni sé reynt að gefa fólk tækifæri til að mynda sér eigin skoðun á Vilhjálmi Stefánssyni og ævistarfi hans.

Sýningin stendur til 4. júní.

Þór Elís Pálsson leikstýrir heimildarmynd um Vilhjálms Stefánsson

„LÁTUM VILHJÁLMS SJÁLFRAN SEGJA SÖGUNA“

ÞÓR ELÍS Pálsson vinnur um þessar mundir að heimildarmyndinni Frosið heimsveldi um Vilhjálms Stefánsson. Þar er fjallað um rannsóknarleiðangrana sem Vilhjálms fór um slóðir inúíta á norðurheimskautinu á árunum 1913 til 1918. Sérstakri athygli er beint að hinu umdeilda Karluk-slysi sem átti sér stað í síðustu ferð hans, en þá fórust ellefu menn af skipinu Karluk eftir að Vilhjálms varð viðskila við það. „Í myndinni rekjum við sögu og aðdraganda þessa slyss, sem átti mikinn þátt í að skapa þá miklu gagnrýni sem beinst hefur að Vilhjálmi í gegnum tíðina,“ segir Þór Elís. „Þar komum við m.a. fram með nýjar upplýsingar um afstöðu Vilhjálms til málsins, sem fengnar eru úr persónulegum bréfum hans.“

Þór Elís segir ferðirnar fyrst og fremst mynda umgjörð um myndina, þar sem meginmarkmiðið er að varpa ljósi á persónuna Vilhjálms Stefánssonar og komast að því hver undiraldan var að hinum stóru og miklu ævintýrum sem margir þekkja svo vel. „Við förum reyndar mjög erfiða leið að viðfangsefninu, þar sem við látum Vilhjálms sjálfan segja söguna. Þ.e. öll frásögnin í myndinni er tekin upp úr dagbókum hans, bréfum og öðrum skrifum.“

Þór Elís leikstýrir og framleiðir myndina en handrit skrifa þeir Garðar Baldvinsson bókmenntafræðingur og Sigurjón Baldur Hafsteinsson. Kvikmyndatöku annast Guðmundur Bjartmarsson og Ólafur Rögnvaldsson. Meðframleiðandi myndarinnar í Kanada er Lorne McPherson. Myndin er styrkt af Kvikmyndasjóði Íslands, Landafundanefnd og erlendum kvikmynda- og sjónvarpssjóðum.

Áætlað er að frumsýna heimildarmyndina næstkomandi haust. Frosið heimsveldi hefur verið rúm þrjú ár í vinnslu og er að sögn Þórs Elís með stærri heimildarmyndaverkefnum sem unnin hafa verið hér á landi. Myndin er unnin fyrir alþjóðlegan markað, og er því allur texti á ensku en séríslenskuð útgáfa verður sýnd hér heima. Aðstandendur leituðu víða fanga eftir efni, en myndin er fyrst og fremst byggð upp á kvikmyndaefni og ljósmyndum sem Vilhjálms réð m.a. vin sinn Wilkins til að taka á ferðunum en það er varðveitt hjá National Filmboard of Canada. Þá var Vilhjálms talsvert í sviðsljósinu í samtíð sinni og er því nokkuð af efni um hann. „Talsvert af þessu efni hefur ekki komið fyrir sjónir almennings áður en það varpar skýru ljósi á þær aðstæður sem Vilhjálms og leiðangursmenn hans



Ljósmynd/Þór Elís Pálsson

Guðmundur Bjartmarsson við tókur á vettvangi.

þurftu að berjast við. Vinnuheiti myndarinnar er Heimskautslöndin unaðslegu, hugtak sem komið er frá Vilhjálmi, og í myndinni verður

sú sýn á heimskautslöndin sem felst í orðunum undirstrikuð í allri sinni fegurð,“ segir Þór Elís að lokum.